



**Ávarp
forseta Íslands
Ólafs Ragnars Grímssonar
á hátíð vegna
Green Globe vottunar Snæfellsness
Grundarfirði
8. júní 2008**

Virðulegi forseti Alþingis,
sveitarstjórnarmenn, Snæfellingar
og aðrir góðir gestir.

Við erum vitni hér í dag að merkur áfanga í umhverfismálum Íslendinga, áfanga sem reyndar tengist einnig baráttu mannkyns við mestu ógn komandi ára, áfanga sem vísar veginn að lausnum, varanlegum aðgerðum sem byggjast á þátttöku fólksins, lýðræðislegum vilja íbúanna.

Í umræðum vítt og breitt um veröldina, í rannsóknum sérfræðinga og vísindastofnana, í ályktunum fjöldasamtaka og í samningum um alþjóðlega sáttmála hefur á undanförunum árum skerpst sá skilningur að án virkrar þátttöku almennings, án forystu og frumkvæðis í heimabyggðum, muni okkur, íbúum jarðarinnar, ekki takast að koma í veg fyrir að loftslagsbreytingarnar sem vísindin hafa staðfest hafi í för með sér hrikalegar hörmungar.

Ákvörðun Snæfellinga um framtíðarstefnu á grundvelli Green Globe er í samræmi við afstöðu sem á sífellt meiri hljómgrunn á heimsvísu um leið og hún gefur tóninn fyrir þjóðina alla um að Íslendingar ætli ekki að sitja aðgerðalaus hjá; vonandi að önnur byggðarlög kjósi að fylgja fordæmi ykkar.

Það ber að hylla framtak ykkar, lofa metnaðinn sem birtist í áætlun um aðgerðir á komandi árum, en umfram allt þakka að þið hafið gert þjóðinni kleift að taka á nýjan hátt þátt í brýnni baráttu sem nú er háð um allan heim.

Ekki er lengur deilt um að loftslagsbreytingar af mannavöldum ógna framtíð mannkyns, geta valdið meiri skaða en báðar heimsstyrjaldir og heimskreppan mikla gerðu samanlagt, umturnað lífríki og búsetuskilyrðum í öllum álfum.

Nú felst ágreiningurinn eingöngu í því hve mikinn tíma mannkynið hafi til að spyrna við fótum. Ein sveit sérfræðinga segir aðeins 10–15 ár; önnur 20–30 ár. Hvort sem heldur reynist rétt er um að ræða afar stuttan tíma.

Við Íslendingar finnum þegar fyrir breytingunum því jöklarnir okkar bráðna nú æ hraðar. Verði ekkert aðhafst í orku- og efnahagsbúskap veraldarinnar munu jöklarnir hverfa smátt og smátt. Snæfellsjökull, hin dulúðuga og tignarlega kóróna ykkar héraðs, segulkrafturinn í frægum sögum eftir Laxness og Jules Verne mun þá heyra sögunni til. Málverkið fyrir enda salarins á Bessastöðum sem er í bakgrunni þegar forsetinn flytur ávarp sitt á nýársdag verður meðal minja um jökulinn sem eitt sinn var.

Það er því í senn táknrænt og við hæfi að Snæfellingar hafi nú tekið forystu um viðnámsaðgerðir í heimabyggð. Samspil veraldarfrægðar Snæfellsjökuls og áformanna sem felast í Green Globe vottun mun nýtast ykkur ærið vel til kynningar á þessu mikilvæga ætlunarverki.

Veigamesta viðnámið gegn óafturkræfum loftslagsbreytingum felst í gerbreyttri orkustefnu þjóða heims, bæði hvað snertir framleiðslu og nýtingu, aðhald og sparnað í daglegri notkun án þess þó að skerða líf skjör fólksins. Því er ánægjulegt að ný sýn á orkubúskap er hluti af áformum ykkar.

Einnig skiptir vatnsnotkunin miklu máli því þverrandi vatnsforði jarðar er nú þegar eitt helsta vandamál mannkyns. Þótt við Íslendingar höfum yfir litlu að kvarta í þeim efnum skiptir máli að byggðirnar og landsmenn allir sýni gott fordæmi og deili ábyrgð með öðrum.

Hið sama á við um verndun og stjórn vistkerfanna, endurheimt votlendis, vandaða umgengni við búsvæði plantna og dýra, hina viðkvæmu náttúru Snæfellsness.

Loftgæði og hávaðamengun, fráveitumál og lágmörkun úrgangs, endurnýting og endurvinnsla – allt eru þetta veigamiklir þættir í hinni nýju sýn ásamt verndun menningarminja og öðrum þáttum sem efla ferðamennsku.

Snæfellsnesið er eins og þið vitið manna best einstök paradís – náttúruheimur í hnotskurn. Hér kallast á jökull og eldfjöll, hraunbreiður

og grænir akrar, vogar og víkur, eyjar og sund, fuglalíf og hvalir að leik, lífríki hafsins og fjölskrúðugar blómabreiður.

Hér er hægt að verða vitni að sköpun heimsins eins og henni er lýst í helgri bók, fyrsta kafla ritningarinnar – og almættið er enn að hér á Snæfellsnesi, tók sér ekki hvíld eins og sagt var í Biblíunni, heldur minnir sífellt á sig með umbrotum sem mótað hafa Snæfellsnesið, magnað hljómkviðu ljóss og lita sem hér birtist á hverjum degi.

Hin einstaka umgjörð sköpunarinnar er forréttindi ykkar á Snæfellsnesi og djúpur boðskapur í því fólginu að einmitt þið takið nú forystu í nýrri vegferð, stefnumótun sem aðrar byggðir verða að fylgja og reyndar veröldin öll ef framtíð barna okkar og barnabarna, komandi kynslóða, á að reynast heilladrjúg.

Um leið og ég þakka ykkur fyrir hönd þjóðarinnar, þakka þetta merka framtak, get ég fullvissað ykkur um að stefna ykkar, ákvarðanir og aðgerðir munu vekja athygli víða um heim.

Þið eruð hér að sanna kjarnann í þeim niðurstöðum sem ég nefndi í upphafi: að það er fólkið sjálft, samtakamáttur í heimabyggð, hinn lýðræðislegi vilji almennings sem ráða mun úrslitum í farsælum aðgerðum gegn uggvænlegum breytingum á loftslaginu, aðgerðum sem beinast að breytni hvers og eins, athöfnum í eigin ranni.

Það er mikið í húfi að góðum áformum sé hrint í framkvæmd og ég veit að metnaður Snæfellinga er í þeim efnum ríkulegur.

Ég óska ykkur allra heilla og þakka ykkur enn á ný fyrir forystuna sem þið hafið nú tekið. Hennar verður lengi minnst.